



## Fundur jarðfræðistofnana Vestur-Evrópu

**Guðmundur Pálmason**

**Greinargerð GP-81/04**

Fundur jarðfræðistofnana Vestur-Evrópu.

Árlegur fundur forstjóra jarðfræðistofnana í Vestur-Evrópu var haldinn í Grænlandi 15.-22. sept. 1981. Slíkir fundir hafa verið haldnir reglulega um 10 ára skeið, en Íslendingar aldrei tekið þátt í þeim. Að þessu sinni var Orkustofnun boðin þátttaka, og var ákveðið að þiggja það boð og undirrituðum falið að sækja fundinn.

Jarðfræðistofnun Grænlands (Grönlands Geologiske Undersøgelse) bauð til fundarins, sem haldinn var í Sulisartut Højskóliat (alþýðuháskóli) í Julianeháb (Qaqortoq). Sóttu hann fulltrúar frá 16 löndum. Bæði fyrir og eftir fundinn var farið í jarðfræðiskoðunarferðir til áhugaverðra staða í nágrenninu, sem flestir tengdust Ilimaussaq innskotinu, sem nær yfir um 7x16 km svæði skammt frá Julianeháb.

Á fundinum voru rædd mörg mál varðandi starfsemi jarðfræðistofnananna og gerður samanburður milli landa. M.a. var rætt um skipulag og meginverksvið stofnananna, gerð og útgáfu jarðfræðikorta, námalög hinna einstöku landa, erlend verkefni, umhverfismál, samvinnuverkefni innan V-Evrópu, tölvunotkun, djúpboranir í rannsóknaskyni, o.fl. Varðandi sum af þessum málum er nú unnið að samanburðaryfirlitum, sem geta orðið fróðlegustu plögg.

K. Ellitsgaard-Rasmussen forstjóri jarðfræðistofnunar Grænlands skýrði meðal annars frá þeim námalögum, sem í gildi eru í Grænlandi. Nokkur togstreita hefur staðið þar um eignarrétt jarðefna. Samkvæmt heimastjórnarlögum frá 1978 hafa Grænlandingar „basic right“ til jarðefna, en Danir vilja einnig halda umráðaréttinum hjá sér. Þrenns konar leyfi eru veitt: 1) almenn leitarleyfi (non-exclusive), 2) einkaleyfi (exclusive), 3) vinnsluleyfi. Um olíuleit gilda sömu lög og leit að öðrum jarðefnum.

Telja má víst, að Íslendingar geti margt haft upp úr nánari samskiptum við jarðfræðistofnanir í nágrennalöndunum. Því virðist rétt að stefna að áframhaldandi þátttöku í þessum árlegu fundum.

Suðvesturhluti Grænlands er að mörgu leyti mjög áhugaverður frá jarðfræðilegu sjónarmiði, og jafnframt sá hlutinn sem er hvað aðgengilegastur til skoðunar. Ilimaussaq innskotíð, sem hér var aðallega skoðað, er eitt af allmörgum slíkum frá því tímabili jarðsögunnar, sem á þessu svæði er kennt við Garða (fyrir um 1300 millj. ára). Þá hefur að margra áliti legið virkt gliðunarbelti yfir þennan hluta Grænlands og hafa myndast bæði miklir gangasveimar með norðaustlægri stefnu og fjöldi innskota. Margt af þessu má nú sjá á allt að 100 km breiðu svæði milli strandarinnar og meginjökulsins. Af innskotunum er Ilimaussaq innskotíð einna best rannsakað. Þar hafa fundist um 150 steindir, sumar hverjar í fyrsta skipti. Það leyndi sér ekki af áhuga sumra þeirra bergfræðinga, sem voru með í ferðinni, að hér töldu þeir sig hafa fengið óvenjulegt færi, og voru hamrarnir óspart á lofti og grjót aðalfarangurinn til baka.

Norðan til í Ilimaussaq innskotinu er Kvanefjeld, þar sem Danir hafa um skeið stundað tilraunavinnslu á úraníum málmgrýti. Hafa þeir m.a. borað þar yfir 60 holur, flestar um 200 m djúpar, til að kanna hve mikið af úraníum og thorium þar væri að finna. Lítil hrifning var sögð meðal Grænlandinga yfir þessari vinnslu.

Ekki dregur það úr gildi þessa svæðis fyrir Íslendinga, að einmitt hér var Eystribyggð, þar sem norrænir menn settust að fyrir 1000 árum og bjuggu í nokkur hundruð ár. Nöfn eins og Breiðafjörður, Eiríksfjörður, Einarsfjörður, og bæjarnöfnin Brattahlíð og Garður minna á þessa sögu, þótt grænensk nöfn séu óðum að útrýma hinum norrænu.

Tiltölulega auðvelt er að ferðast til þessa svæðis, þar sem flugvöllurinn í Narssarssuaq er í næsta nágrenni. Á hinn bóginn vekur það athygli, að dýrara er að fljúga frá Keflavík til Narssarssuaq en frá Kaupmannahöfn til Narssarssuaq, og er þó lent í Keflavík í báðum leiðum. Hér er greinilega verkefni að vinna fyrir áhugamenn um norræna samvinnu, að koma leiðréttingu á.

*Guðm. Pálmason*  
Guðmundur Pálmason